

Að hann megri rita á hjörtu okkar

HENRY B. EYRING FORSETI

Fyrsti ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu


Foreldrar ættu að kenna börnum sínum að biðja. Barnið lærir bæði frá því sem foreldrarnir gera og því sem þau segja. Barn sem sér móður eða föður takast á við erfiðleika lífsins með innilegri bæn til Guðs og heyrir síðan einlægán vitnisburð um að Guð svari í góðmennsku, mun muna það sem hann eða hún sá og heyrði. Þegar erfiðleikar koma mun sá einstaklingur vera reiðubúinn.

Þegar þar að kemur, þegar börnin eru farin að heiman og frá fjölskyldunni getur bæn veitt hlífðarskjöldinn sem foreldrar vilja svo mikið að börn sín hafi. Aðskilnaður getur verið erfiður þegar foreldrið og barnið vita að vera má að langur tími líði þar til þau sjá hvort annað aftur. Ég hafði þessa reynslu með föður minn. Leiðir okkar skildu á götuhorni í New York borg. Hann hafði komið þangað vegna vinnu sinnar. Ég var þar á leið minni til annars staðar. Við vissum báðir að ég myndi sennilega aldrei aftur snúa aftur til að búa undir sama þaki og foreldrar mínir.

Það var sólríkur dagur um hádegisbil, göturnar voru uppfullar af bílum og fótgangandi fólki. Á þessu horni voru umferðarljós sem stöðvuðu bílana sem komu úr öllum áttum í nokkrar mínútur. Ljósið varð rautt og bílarnir stönsuðu. Hópur fótgangandi fólksins flýtti sér af götubrúninni og fór út í allar áttir, þar á meðal skáhallt yfir gatnamótin.

Tími aðskilnaðar rann upp og ég byrjaði að ganga yfir götuna. Ég stansaði næstum því í miðjunni og fólkið þaut framhjá mér. Ég sneri mér til að horfa til baka. Í stað þess að færa sig með mannfjöldanum var faðir minn ennþá standandi á götuhorninu horfandi á mig. Fyrir mér virtist hann einmana og kannski eilítið dapur. Ég vildi fara aftur til hans en mér varð ljóst að ljósið myndi breytast svo ég snéri mér og flýtti mér áfram.

Árum síðar talaði ég við hann um þetta andartak. Hann sagði mér að ég hefði miskilið andlitssvip hans. Hann sagðist ekki hafa verið dapur, hann var áhyggjufullur. Hann hafði séð mig líta til baka eins og ég væri lítill drengur, óákveðinn og leitandi eftir fullvissu. Hann sagði mér að hugsun



hans á þessum síðari árum hefði verið: „Verður allt í lagi með hann? Hef ég kennt honum nóg? Er hann nægilega undirbúinn fyrir það sem framundan er?“

Það var meira en hugsanir í huga hans. Ég vissi af því ég hafði fylgst með honum að hann hafði tilfinningar í hjarta sínu. Hann þráði að ég yrði verndaður, ég yrði öruggur. Ég hafði heyrt og fundið þessa þrá í bænnum hans – og jafnvel meira í bænnum móður minnar – í gegnum öll þessi ár sem ég hafði búið með þeim. Ég hafði lært af því og ég mundi það.

Hjartans mál

Bæn er hjartans mál. Mér hafði verið kennt miklu meira en reglur bænarinnar. Ég hafði lært af foreldrum mínum og frá kennslu frelsarans að við verðum að ávarpa himneskan föður okkar með lotningarfullu tungumáli bænarinnar. „Faðir vor . . . á himnum. Helgist þitt nafn“ (Matt 6:9). Ég vissi að við guðlöstum aldrei með hans helga nafn – aldrei. Getið þið ímyndað ykkur hvernig bænir barns skadast með því að heyra foreldri guðlasta með nafni Guðs? Slíkt mun hafa hræðilegar afleiðingar fyrir litlu börnin.

Ég hafði lært mikilvægi þess að gefa þakkir fyrir blessanir og biðja um fyrirgefningu. „Fyrirgef oss vorar skuldir, svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum“ (Matt 6:12). Mér hafði verið kennt að við biðjum um það sem við þörfumst og biðjum að öðrum séu veittar blessanir. „Gef oss í dag vort daglegt brauð“ (Matt 6:11). Ég vissi að við þyrftum að gefa á bátinn okkar vilja. „Til komi þitt ríki, verði þinn vilji, svo á jörðu sem á himni“ (Matt 6:10). Mér hafði verið kennt og komist að því að það væri satt að við getum verið vöruð við hættu og okkur sýnt snemma hvað við höfum gert sem misbýður Guði. „Og eigi leið þú oss í freistni, heldur frelsa oss frá illu“ (Matt 6:13).

Ég hafði lært að við verðum alltaf að biðja í nafni Jesú Krists. En eitthvað sem ég hafði séð og heyrt hafði kennt mér að þessi orð eru meira en bara formsatriði. Það var mynd af frelsaranum á veggnum í svefnherberginu þar sem móðir mín var rúmföst síðustu ár ævi sinnar. Hún hafði sett hana þar vegna einhvers sem frændi hennar, öldungur Samuel O. Bennion af hinum Sjötíu (1874–1945), hafði sagt henni. Hann hafði ferðast með postula sem lýsti því hvernig hann hafði séð frelsarann

í sýn. Öldungur Bennion gaf henni þessa mynd og sagði að þetta væri besta lýsing sem hann hafði séð af persónuleika styrk meistarans. Svo hún rammaði myndina inn og setti hana á vegginn þar sem hún gat séð hana úr rúmi sínu.

Hún þekkti frelsarann og elskaði hann. Ég hafði lært frá henni að við ljúkum ekki í nafni ókunnugs manns þegar við nálgumst föður okkar í bæn. Ég vissi frá því sem ég hafði séð af lífi hennar að hjarta hennar var nálægt frelsaranum vegna margra ára staðráðinnar og mótsagnarlausrar vinnu við að þjóna honum og þóknast honum. Ég vissi að ritningin var sönn sem varar við: „Því að hvernig á maður að þekkja húsbónda, sem hann hefur ekki þjónað, sem er honum ókunnugur og hugsunum hans og hjartans ásetningi fjarlægur?“ (Mósía 5:13).

Ekkert óformlegt ákall

Nú mörgum árum eftir að móðir mín og faðir eru látin eru orðin „í nafni Jesú Krists“ ekki óformleg fyrir mig hvorki þegar ég segi þau, né þegar ég heyri aðra segja þau. Við verðum að þjóna honum til að þekkja hjarta meistarans. En við verðum einnig að biðja himneskan föður að svara bænnum okkar í hjörtum okkar sem og í hugum okkar (sjá Jer 31:33; 2 Kor 3:3; Hebr 8:10; 10:16).

George Q. Cannon forseti (1827–1901), fyrrum fyrsti ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu, lýsti blessunum fólks sem komið hefur saman og beðið fyrir slíkum svörum. Hann var að tala um að fara á prestdæmisfund, en samt hafa mörg ykkar undirbúið hjarta ykkar á þann hátt sem hann lýsir í þessum orðum:

„Ég ætti að koma á slíkan fund með hug minn algjörlega lausan við öll áhrif sem gætu komið í veg fyrir áhrif anda Guðs á mig. Ég ætti að fara í bænaranda, biðjandi Guð um að *rita á hjarta mitt* vilja hans, ekki með mínum eigin vilja nú þegar tilbúinn og ákveðinn að framkvæma minn eigin vilja . . . , án tillits til skoðana annara. Ef ég myndi fara og allir aðrir myndu fara í slíkum anda þá myndi anda Guðs verða vart meðal okkar og það sem við myndum ákveða myndi vera hugur og vilji Guðs vegna þess að Guð myndi opinbera okkur það. Við ættum að sjá ljós í þeirri átt sem við ættum að halda í og við ættum að sjá myrkur í þeirri átt sem við ættum ekki að fara.“¹

Markmið okkar þegar við kennum börnum okkar að biðja er sá að þau vilji að Guð riti á hjörtu þeirra og þau séu síðan reiðubúin að fara og gera það sem Guð biður þau um. Það er mögulegt fyrir börn okkar að hafa næganlega trú, frá því sem þau sjá okkur gera og því sem við kennum þeim, að þau geti fundið að minnsta kosti hluta af því sem frelsarinn fann þegar hann bað um að hafa styrk til að framkvæma óendanlegu fórn sína okkur til handa: „Þá gekk Jesús lítið eitt lengra, féll fram á ásjónu sína, baðst fyrir og sagði: Faðir minn, ef verða má, þá fari þessi kaleikur fram hjá mér. Þó ekki sem ég vil, heldur sem þú vilt“ (Matt 26:39).

Bænum mínum hefur verið svarað. Þessi svör voru skýrust þegar það sem ég vildi var þaggað niður með yfirbugandi þörf til að vita hvað Guð vildi. Það er þá sem svar frá elskandi himneskum föður getur verið mælt til hugans með hinni hljóðu lágu rödd og hægt er að rita á hjartað.

Læra að leita hans vilja

Sumir foreldrar munu spyrja: „En hvernig get ég mýkt hjarta barns mín sem nú er orðið eldra og sannfært um að hann eða hún þurfi ekki á Guði að halda? Hvernig get ég mýkt hjarta nægilega mikið til að leyfa Guði að skrifa vilja sinn á það?“ Stundum mýkir harmleikur hjarta. En fyrir suma er harmleikur jafnvel ekki nægjanlegur.

En það er ein þörf sem jafnvel harðnað og stolt fólk trúir ekki að þau geti mætt fyrir sjálft sig. Þau geta ekki lyft byrgðum syndarinnar af eigin herðum. Og jafnvel hinir hörðustu geta stundum fundið fyrir sting samviskunnar og þar af leiðandi þörfinni fyrir fyrirgefningu frá Guði. Elskandi faðir, Alma, kenndi syni sínum Kóríanton þessa þörf á þennan hátt: „En nú var ekki hægt að gjöra miskunnaráætlunina að veruleika án friðþægingar. Þess vegna friðþægði Guð sjálfur fyrir syndir heimsins, til þess að miskunnaráætlunin næði fram að ganga og kröfum réttvísinnar yrði fullnægt og Guð væri fullkominn, réttvís Guð og einnig miskunnsamur Guð“ (Alma 42:15).

Og síðan, eftir að hafa borið vitnisburð um frelsarann og friðþægingu hans, bar faðirinn fram þessa beiðni um mýkt hjarta: „Ó, sonur minn! Ég þrái, að þú afneitir ekki framar réttvísi Guðs. Reyndu ekki að afsaka sjálfan

þig hið minnsta vegna synda þinna með því að afneita réttvísi Guðs. Láttu heldur réttvísi Guðs, miskunn hans og umburðarlyndi ná fullu valdi á hjarta þínu, og lát það fella þig í duftið í auðmýkt“ (Alma 42:30).

Alma vissi það sem við getum vitað: Að vitna um Jesú Krists og hann krossfestan hafði mesta möguleikann á að hjálpa syni hans að finna þörfina fyrir hjálp sem einungis Guð gæti veitt. Og bænum er svarað þeim hjörtum sem gerð eru mjúk af yfirþyrmandi tilfinningu um þörf fyrir hreinsun.

Að opna dyr bænar

Þegar við kennum þeim sem við elskum að við erum andabörn sem eru tímabundið aðskilin frá elskuríkum himneskum föður opnum við þeim dyr bænar.

Við lifðum í návist hans áður en við komum hér til að verða reynd. Við þekktum andlit hans og hann þekkti okkar andlit. Rétt eins og jarðneskur faðir minn horfði á mig yfirgefa hann þá horfir himneskur faðir á okkur fara í dauðleikann.

Hans ástkæri sonur, Jehóva, yfirgaf þessar dýrlegu vistarverur til að koma í heiminn til að þjást fyrir það sem við myndum þjást og greiða gjaldið fyrir allar syndirnar sem við myndum fremja. Frelsari okkar veitti okkur hina einu leið til að fara heim aftur til okkar himneska föður og til hans. Ef heilagur andi getur bara sagt okkur það mikið um hver við erum, þá gætum við og börn okkar fundið það sem Enos fann. Hann bað á þessa leið:

„Sál mína hungraði, og ég kraup niður frammi fyrir skapara mínum og ákallaði hann í máttugri og auðmjúkri bæn fyrir sálu minni, og allan liðlangan daginn ákallaði ég hann. Já, og þegar kvöldi tók, hrópaði ég enn hátt, svo að rödd mín næði himnum.

„Og rödd kom til mín og sagði: Enos, syndir þínar eru fyrirgefna, og þú munt blessaður verða“ (Enos 1:4–5).

Ég get lofað ykkur að engin gleði mun verða meiri en sú sem þið finnið ef barn bæna ykkar á neyðarstundu hlýtur slíkt svar. Þið munið einhvern daginn verða aðskilin frá honum eða henni með löngun í hjarta ykkar að sameinast á ný. Elskuríkur himneskur faðir veit að þessi löngun myndi endast að eilífu nema við séum sameinuð sem fjölskyldur með honum og hans elskaða syni. Hann setti upp allt sem börn hans munu þarfnast til að öðlast þessa blessun. Til að finna það verða þau sjálf að spyrja

Guð án nokkurs efa eins og drengurinn Joseph Smith gerði.

Faðir minn hafði áhyggjur þennan dag í New York vegna þess að hann vissi, rétt eins og móðir mín vissi, að eini raunverulegi harmleikurinn væri ef við yrðum aðskildir að eilífu. Þess vegna kenndu þau mér að biðja. Þau vissu að við gætum verið saman að eilífu einungis með Guðs hjálp og með hans fullvissu. Eins og þið munuð gera þá kenndu þau bænina best með fordæmi.

Síðdegið sem móðir mín lést fórum við frá spítalanum og að heimili fjölskyldunnar. Við sátum hljóð í myrkvaðri stofunni litla stund. Pabbi afsakaði sig og fór inn í svefnherbergið sitt. Hann var þar í nokkrar mínútur. Þegar hann gekk aftur inn í stofuna þá var bros á andliti hans. Hann sagði að hann hafði haft áhyggjur af móður okkar. Á meðan hann var að safna saman eigum hennar í spítala-herberginu og þakka starfsfólkinu fyrir að vera vingjarnlegt við hana hugsaði hann um er hún færi inn í andaheiminn nokkrum mínútum eftir andlát hennar. Hann var hræddur um að hún yrði einmana ef það yrði enginn til að taka á móti henni. Hann hafði farið inn í svefnherbergið sitt til að biðja himneskan föður að láta einhvern taka á móti Mildred, eiginkonu hans og móður minni. Hann sagði að honum hefði verið sagt í svari við bæn sinni að móðir hans hefði tekið á móti elskunni hans. Ég brosti einnig að þessu. Amma Eyring var ekki mjög há í lofti. Ég var með greinilega ímynd af henni flýtandi sér í gegnum mannþröngina, litlu fætur hennar að hreyfast fast í sendiför sinni til að taka á móti móður minni.

Pabbi ætlaði öruggulega ekki að kenna mér um bæn á þessari stundu en hann gerði það. Ekki man ég eftir prédikun frá móður minni eða föður mínum um bæn. Þau báðu á erfiðleika tímum sem og á góðum stundum. Og þau gerðu bókstaflega grein fyrir því hversu góður Guð var, hversu öflugur og hversu nálægur. Bænirnar sem ég heyrði snérust oftast um hvað þyrfti til fyrir okkur til þess að við gætum verið saman að eilífu. Svörin sem munu sitja eftir skrifuð á

hjarta mitt virðast vera fullvissan að við höfum verið á réttri leið.

Þegar ég sá í huga mínum ömmu mína flýtandi sér til móður minnar fann ég fyrir gleði fyrir þeirra hönd og þrá til að koma með elskuna mína og börn okkar á slíka endurfundi. Þessi löngun er ástæða þess að við verðum að kenna börnum okkar að biðja.

Ég vitna að himneskur faðir okkar svarar fyrirbænum trúfastra foreldra um að vita hvernig kenna eigi börnum sínum að biðja. Ég vitna sem þjónn Jesú Krists að vegna friðþægingar hans þá getum við haft eilíft líf í fjölskyldum ef við heiðrum þá sáttmála sem í boði eru í þessari sönnu kirkju hans.

HEIMILDIR

1. George Q. Cannon, "Remarks," *Deseret Semi-Weekly News*, sept. 30, 1890, 2; leturbreyting hér.

FYRIR HEIMILISKENNARA

Eftir að hafa með bæn kynnt ykkur þennan boðskap, skuluð þið miðla honum þannig að hann hvetji til þátttöku þeirra sem þið kennið. Hér á eftir eru nokkur dæmi:

1. Syngið eða lesið fyrstu tvö versin í sálminum "Our Savior's Love" (*Hymns*, no. 113). Takið eftir elskuriku sambandinu sem lýst er í sálminum. Lesið reynslu Eyring forseta um aðskilnaðinn við föður hans í New York borg. Þjóðið einhverjum úr fjölskyldunni að útskýra hvernig þeim leið þegar þau voru að yfirgefa ástvin í lengri tíma. Ræðið hvernig bæn getur hjálpað fjölskyldumeðlimum að nálgast himneskan föður, Jesú Krist og hvert annað.

2. Sýnið pappírshjarta þar sem búið er að skrifa á „Vilji Guðs.“ Lesið hlutann um „Ekkert óformlegt ákall“ og spyrjið hvað fjölskyldunni finnst Cannon forseti hafa átt við með „að rita á hjarta mitt vilja hans.“ Ræðið um hvernig fjölskyldumeðlimir geta „beðið . . . að þau vilji að Guð riti á hjörtu þeirra og þau séu síðan reiðubúin að fara og gera það sem Guð biður þau um.“ Berið vitnisburð um hvernig bænir hjálpa okkur að þekkja vilja Guðs.